

Eco-Garden ehf.
Lambhagavegi 9
113 Reykjavík

Selfossi, 20. ágúst 2025
UOS2502315/K.S.G.

Niðurstaða eftirlits – Söluskrár fyrir notendaleyfisskyldar vörur og tilnefning ábyrgðaraðila – Kröfur um úrbætur

Umhverfis- og orkustofnun vísar til bréfs dagsett þann 3. mars 2025 þar sem kallað var eftir skrá yfir sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum fyrir árið 2024 og upplýsingum um ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort fyrirtækið uppfylli skyldur sínar um að afhenda aðeins notendaleyfisskyldar plöntuverndarvörur og útrýmingarefni til handhafa gilds notendaleyfis fyrir umræddar vörur og halda skrá yfir sölu sem og að fyrirtækið hafi tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara, sbr. efnalög nr. 61/2013 og reglugerð nr. 677/2021.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins og þær kröfur sem gilda um markaðssetningu, kaup og móttöku notendaleyfisskyldra vara vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Fyrirtækið skilaði gögnum til Umhverfis- og orkustofnunar. Af kaupendum notendaleyfisskyldra vara á árinu 2024 fengu tveir aðilar afhentar vörur án þess að vera með notendaleyfi í gildi þegar kaup fóru fram. Í allt voru þessir tveir aðilar skráðir fyrir sex viðskiptum með notendaleyfisskyldar vörur eftir að gildistími notendaleyfis þeirra rann út. Í innsendri söluskrá vantaði að skrá gildistíma notendaleyfis þegar sala fór fram við hverja afhendingu notendaleyfisskyldra vara.

Fyrirtækið hefur tilnefnt ábyrgðaraðila í markaðssetningu notendaleyfisskyldra vara, sbr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013 og II. kafli reglugerðar nr. 677/2021.

Til frekari upplýsinga er vísað er til kynningarbréfs Umhverfisstofnunar um breyttar áherslur í eftirliti með ábyrgðaraðilum í markaðssetningu og söluskrám notendaleyfisskyldra vara sem dreifendum slíkra vara var sent með tölvupósti 18.10.2024.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Eco-Garden ehf. frest til 4.9.2025 til að senda stofnuninni:

- **Verklagsreglur fyrirtækisins vegna sölu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum. Í verklagsreglunum skal koma fram með hvaða hætti fyrirtækið hyggst tryggja að notendaleyfisskyldar vörur séu**

einungis afhentar kaupendum með gilt notendaleyfi fyrir hvort sem við á plöntuverndarvörum eða útrýmingarefnum. Í verklagsreglunum skal enn fremur koma fram með hvaða hætti fyrirtækið hyggst tryggja að fullnægjandi gögnum um söluskrár sé ávallt skilað til Umhverfis- og orkustofnunar á því formi sem stofnunin tilgreinir, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 677/2021.

- Eftir að Umhverfis- og orkustofnun hefur staðfest að verklagsreglur fyrirtækisins séu fullnægjandi skal skila inn til stofnunarinnar skriflegri staðfestingu á að verklagsreglurnar hafi verið kynntar fyrir öllu starfsfólki sem fer með sölu og afhendingu á notendaleyfisskyldum plöntuverndarvörum og útrýmingarefnum hjá fyrirtækinu.

Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar uos@uos.is merkt málnúmerinu UOS2502315.

Umhverfis- og orkustofnun veitir Eco-Garden ehf. hér með frest til 4.9.2025 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfis- og orkustofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfis- og orkustofnunar með rökstuðningi fyrir 4.9.2025.

Umhverfis- og orkustofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögunum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsektar sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt vekur Umhverfis- og orkustofnun athygli á því að í XIV. kafla efnalaga er kveðið á um viðurlög vegna brota á tilteknum ákvæðum laganna. Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 62. gr. getur Umhverfis- og orkustofnun lagt stjórnvaldssektir á lögaðila sem brýtur gegn 24. gr. laganna sem fjallar um markaðssetningu eiturefna og notendaleyfisskyldra vara.

Athugið að frá og með næsta ári (2026) mun Umhverfis- og orkustofnun leggja stjórnvaldssektir á lögaðila sem afhenda notendaleyfisskyldar vörur til viðskiptavina sem ekki eru með notendaleyfi í gildi fyrir plöntuverndarvörum eða útrýmingarefnum eftir því sem við á. Fyrirtækinu verða sendar nánari upplýsingar um fyrirkomulag við beitingu stjórnvaldssektar síðar.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfis- og orkustofnunar á hverjum tíma innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um markaðssetningu plöntuverndarvara má finna [hér](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttur, í síma 569-6000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst,

Kristín Silja Guðlaugsdóttir

Teymi efnamála

Ísak Sigurjón Bragason

Teymi efnamála

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla